


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	Verkleg hjúkrun HJV103	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2010	

Kennarar	María Albína Tryggvadóttir Margrét Pétursdóttir	Sk.st.	MAL MPÉ
-----------------	--	---------------	--------------------------

Meginmarkmið og áfangalýsing:

Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi daglegrar umönnunar sjúklinga. Að nemandi þekki og geti sýnt fram á færni við umönnun sjúkra og aldraðra. Í áfanganum er fjallað um nánasta umhverfi sjúklings, sjúkrarúmið og sjúkrastofuna. Fjallað er um persónulegar þarfir sjúklinga og leiðir til að mæta þeim. Fjallað er um fylgikvilla rúmlegu, mælingar á lífsmörkum og skráningu þeirra. Fjallað er um sýnatökur og frágang sýna. Að lokum er fjallað um undirbúning sjúklinga fyrir aðgerðir.

Markmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja

- sjúkrarúm og kunna að nýta helstu möguleika þess
- nánasta umhverfi sjúklings
- mismunandi aðferðir við böðun sjúklinga svo sem í rúmi, handklæðaböðun og böðun í baðkeri
- helstu hjálpartæki og geta notað þau svo sem hjólastóla og göngugrindur
- mismunandi heyrnartæki og gleraugu og stillingar þeirra
- mikilvægi mismunandi legu sjúklings í rúmi og geta hagrætt honum á mismunandi hátt
- mikilvægi munnhirðu og geti framkvæmt tannburstun og sérstaka munnhirðu
- mikilvægi fæðu- og vökvainntöku, geti undirbúið og framkvæmt mötun sjúklings og skráð
- mikilvægi þess að umgangast þvagleggi og þvagpoka rétt
- þekki helstu gerðir af þvagflöskum og geti notað þær
- mikilvægi réttar þvagsýnitöku, geti framkvæmt hana og gengið frá sýni
- mikilvægi blóðþrýstingsmælinga, geti undirbúið og framkvæmt þær og skráð niðurstöður
- mikilvægi þess að mæla líkamshita rétt og geti undirbúið, framkvæmt og skráð mælingu
- helstu stómagerðir og hjálpartæki
- helstu aðferðir við að hreinsa endaparm fyrir aðgerðir
- helstu aðferðir við að hreinsa húðsvæði fyrir aðgerðir.

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta


- umgengist sjúkrastofuna á viðeigandi hátt
- annast daglegan umbúnað sjúkrarúms frá hlið og höfðagafli, bæði þegar það er tómt og þegar sjúklingur er í rúminu
- undirbúið og veitt almenna morgunaðhlyningu
- hirt hár og skegg sjúklinga, snyrt fætur þeirra og neglur
- fylgst með útskilnaði úrgangsefna frá þvag- og meltingarfærum og skráð útskilnað
- framkvæmt bekjugjöf
- tekið hægðasýni og gengið frá því
- undirbúið, framkvæmt og skráð púlstalningu og metið öndun

Námsgögn: Kennsluhefti fyrir sjúkraliðanema eftir Önnu Guðríði Gunnarsdóttur

Myndbönd: Böðun sjúkra, myndband frá FÁ 1997. Hygiene and personal care, myndband.

Afhent ljósrit: Fjölrit frá kennara, skýringarmyndir, vinnulýsingar, eyðublöð o.fl.

Annað ýtarefni: Fjölskylduhandbók um hjúkrun heima. Vinnutækni við umönnun eftir Ágústu Guðmarsdóttur og Þórunni Sveinsdóttur

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Verkleg hjúkrun HJV103 Kennsluáætlun haustönn 2010	

Vika	Vinnuáætlun	Verkefni
33.– 35.	1.Lota: Kynning, handþvottur, smitgát og starfsstillingar, sjúkrarúm, umbúnaður, umhverfi sjúklings, heimsókn á sjúkradeild, helstu vistarverur og hjálpartæki skoðuð.	Verklegar æfingar. Heimsókn, skýrslu skilað.
37.- 38.	2.Lota: Umbúnaður, lakaskipti frá hlið og höfðalagi, alskipti Lífsmörk mæld og skráð	Verklegar æfingar
39.- 40.	3.Lota: Skyrtuskripti og umbúnaður, persónuleg hirðing, hárvottur í rúmi,. Sjúklingur aðstoðaður í fót, hjálpað í stól, studdur á göngu og síðan hjálpað upp í rúm. Mælingar á lífsmörkum og skráning þeirra æfð áfram	Verklegar æfingar
41.- 42.	4.lota: Aðstoð við ADL, umbúnaður og legusáravarnir, sjúklingi snúið í rúmi ,fært inn á snúningsskema, böðun, fótabað. Sýkingarvarnir og almennt hreinlæti.	Verklegar æfingar
43.- 44.	5.Lota: Aðstoð við að borða, vökvaskrá, munnhirðing, bekjugjöf, sýnatökur	Verklegar æfingar
45.- 46.	6.Lota: Undirbúningur aðgerðasvæða, farið í sterila hanska og umgengni við sterila hluti, smitgát .	Verklegar æfingar
47.-48.	Lota 7: Upprifjun og æfingar Eyðublöð útfyllt og hjúkrunaraðgerðir færðar inn.	Skriflegur hluti lokamats Verklegt próf

Kennsla og námsvinna: Verkin eru kennd með sýnikennslu á myndböndum og /eða á staðnum.

Nemendur æfa verkin í 2-4 manna hópum þar sem einn stjórnar verkinu og framkvæmir mest af því, annar aðstoðar, þriðji leikur sjúkling, sá fjórði fylgist með að unnið sé í samræmi við fyrirmæli og vinnulýsingar.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Skriflegur prófhluti í annarlök, s.s. útfylling eyðublaða og skráning hjúkrunaraðgerða o.fl. Í 48.viku.	20%
Verklegt	Verklegt próf í 48.viku	50%
Sjálfsmat	Nemandinn metur námsvinnu sína á önninni í samræmi við markmið áfangans	10%
Verkefni og skráning vinnuferla	Skýrslum skilað eftir skoðunarferðir, gátlisti yfir unnin verkefni, eyðublöð útfyllt og verkefni Skráning nemandans á námsferli sínum í áfanganum,	10%
Vinna og ástundun	Vinnubrögð, meðferð áhaldna og nýting tíma, umgengni, frágangur á stofu, mæting	10%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils